

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2023

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), þskj. 103, 103. mál.

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 19. október 2023, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks. Þakkar deildin fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Íslandsdeild Amnesty International styður frumvarpið heilshugar. Tryggja þarf að börn og fullorðnir með ódæmigerð líffræðileg kyneinkenni njóti mannréttindaverndar, að börn með ódæmigerð kyneinkenni sæti ekki skaðlegum og ónauðsynlegum inngripum og að trans fólk geti fengið lagalega viðurkenningu á kyni sem byggist á sjálfsákvörðunarrétti. Veita á einstaklingum leyfi til að breyta nafni sínu og kynskráningu lagalega, þar með talið á opinberum gögnum sem útgefin eru af ríkinu, á skjótan, aðgengilegan og gagnsæjan máta og í samræmi við kynvitund einstaklingsins.

Þá telur deildin það, að gera útgáfu skilríkja vegna breytingar á kyn- eða nafnsskráningu í þjóðskrá gjaldfrjálsa vera jákvætt skref í átt að því að gera ferlið aðgengilegt og sanngjarnt.

Íslandsdeild Amnesty International hvetur til þess að lagasetningunni verði komið á sem fyrst. Með því að samþykkja umrætt frumvarp myndi Alþingi taka enn eitt skrefið í átt að því að koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks.

Virðingarfyllst

Anna Lúðvíksdóttir
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International